

N1 ehf.
Skógarlind 2
201 Kópavogur

Kópavogur, 18. desember 2023
Tilvísun: E47693

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: gudrung@n1.is

Eftirlitsskýrsla

Tílefni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 5.12 og 7.12.2023
Starfsleyfi gildir til: 1.12.2031	Starfsemi: Bensínstöð
Aðsetur: Skógarlind 2	Kt. 411003-3370
Fulltrúar fyrirtækis Guðrún Ósk Gísladóttir og Kristján Rósinkransson Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits: Ríkharður F. Friðriksson og Sigrún H. Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúar	

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigðiseftirlit.is.

Umfang eftirlits

Eftirlit fór fyrst og fremst fram skv. reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi nr. 884/2022, reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018 auk reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Eftirlitið fór fram dagana 5. desember á skrifstofu fyrirtækisins og 7. desember á þjónustustöðinni. Annars vegar voru aðstæður á starfstöð bensínstöðvarinnar skoðaðar og mælingar gerðar í olíuskilju og svo skoðun á rekstrarbókhaldi auk annars er varðar mengunarvarnaeftirlit starfsleyfishafa sbr. reglugerð nr. 884/2022.

Niðurstöður eftirlits

Ásýnd stöðvar:

Engar athugasemdir.

Áfyllingar- og afgreiðsluplön:

Engar athugasemdir.

Merkingar og viðvörunarbúnaður:

Engar athugasemdir.

Þrif á dælum og plönunum:

Má bæta.

Áfyllingspúlt:



Engar athugasemdir.

Olíuskilja:

1cm af olíu mældist í skiljunni. Eins og hefur verið bent á áður bendir sjónrænt mat til þess að olíubræk sé í sýnatökubrunni olíuskiljunnar sem gefur til kynna að skiljan sé ekki að skila hlutverki sínu af einhverjum orsökum. Slíkt er óheimilt skv. 33. gr. reglugerðar nr. 884/2017 en þar segir að olía í frárennsli olúgidlru megi að hámarki vera 15 ppm. Rekstraraðili skal framkvæma mælingu á olúmagni í frárennsli skiljunnar og senda niðurstöður til Heilbrigðiseftirlitsins innan 4 vikna frá dagsetningu eftirlitsskýrslunnar.

Olíutankar:

Rusl og vatnsöfnun ofan á tönkum. Þarf að framkvæma úrbætur og setja það inní reglubundna þjónustuvið stöðina að hreinsa ofan af tönkum.

Rekstrarhandbók og viðbragðsáætlun:

1. Óskað hefur verið eftir afriti af skýrslu nýjustu þjónustuskoðun frá ODR
2. Ábyrgðatrygging- gild skírteini fyrir ábyrgðatryggingu að upphæð 1 milljón SDR samanber 1. mgr. 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.
3. Í yfirliti yfir mælt olíulag í olíuskilju eftir mánuðum kemur ítrekað fram að mældir hafi verið 0 cm. Komið hefur í ljós að N1 hefur verið að mæla magn olíu í sýnatökubrunni og skrá inn. Fram kemur í 33. gr. rg. 884/2017 að mæla þurfi vökvann í olíuskiljunni sjálfri og því þarf að breyta þessu verklagi.

Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar innan 14 daga til Heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi, pósthólf 329, eða á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,



Sigrún Hrönn Halldórsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

